

ENSK3VG05 F

Námsáætlun vorönn 2020



Kennari	Guðjón Ólafsson	Sk.st.	GÓL
----------------	-----------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Námið miðar að því að nemandinn auki færni sína í enskri tungu og bæti bæði vísindaorðaforða og almennan orðaforða svo og málskilning. Nemandinn er þjálfður í ritun með ýmsum verkefnum sem tengjast vísindum. Einnig er nemandinn þjálfður í töluðu máli, bæði með umræðum og formlegum fyrirlesturum. Fjallað er um siðferðileg álitamál vísinda og samfélagslega ábyrgð.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- enskum orðaforða og hugtökum sem tengjast vísindum
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- siðfræði vísinda, til dæmis í umhverfismálum, og samfélagslegri ábyrgð
- mismunandi málsniði enskrar tungu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns fræðilegar greinar um efni tengd vísindum
- skilja talað mál sem fjallar um vísindi, til dæmis fyrirlestra
- skrifa og skilja ýmiss konar texta sem tengist vísindum, meðal annars útdrætti, skýrslur og rannsóknarritgerðir
- beita málinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja megininntak erinda og rökræðna sem fjallað er um í áfanganum
- tileinka sér efni ritaðs texta sem tengist vísindum og nýta á mismunandi hátt
- skrifa texta um efni sem tengist vísindum og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við
- nýta sér upplýsingatækni til fróðleiks og rannsókna
- geta lagt gagnrýnið mat á texta
- nýta sér fræðitexta og meta gildi heimilda

Námsgögn:

- Leskaflar með ýmsum gagnvirkum æfingum - á Moodle
- Skáldsaga: *Animal Farm* e. George Orwell, allar óstytta útgáfur (bókabúðir, Amazon.co.uk).

Verkefni:

- Nemendur skila verkefnum úr skáldsögu, stílum og orðaforðaverkefnum úr lesköflum, vinna vefæfingar í orðaforða og málfræði á Moodle umhverfinu.

ENSK3VG05 F

Námsáætlun vorönn 2020



Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lokapróf	Próf tekið samkvæmt prófatöflu fjarkennslu VMA:	55%	
Skáldsöguverkefni	5 Verkefni úr <i>Animal Farm</i> , öll jafngild	25%	
Annað	Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað sem nemendur gera á Moodle	20%	
Samtals: 100%			
Lokaeinkunn verður birt í INNU á því formi sem best hentar.			

Áætlun um yfirferð:


Vika	Lesson	Themes	Grammar and Vocabulary	Literature Vægi námsmatsþátta
1	The Scientific Attitude	Specialists	Suffixes	
2	Numbers and Mathematics	Phobias	Prefixes and Suffixes	
3	A Closer Look at Geology			<i>Animal Farm</i> Quiz 1 5%
4	The Scientific Method and the Methods of Science	Manias	Synonyms and Antonyms	<i>Animal Farm</i> Quiz 2 5%
5	Pure and Applied Science	Foreign Plurals	Nouns	<i>Animal Farm</i> Quiz 3 5%
6	A Closer Look at Medicine			<i>Animal Farm</i> Quiz 4 5%
7	'Directed Research'	Sicknesses and Science Words	Adverbs and Numbers	<i>Animal Farm</i> Quiz 5 5%
8	Science and International Co-operation	Sciences and Professions	Strange Plurals	
9	A Closer Look at Engineering			
10	Sources of Error in Scientific Investigation	Research	Word Classes and Verbs	
11	Straight and Crooked Thinking		Missing Words	
12	A Closer Look at Biology			
13	Science and the Future			Discussion

Nemendum ber að **skila öllum verkefnum** sem sett eru fyrir. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag og verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn. Ekki verður boðið upp á sjúkra- eða endurtektarpróf í prófum og verkefnum.

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Dagsetning: 13. janúar 2020


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils